

AUGLÝSING

um skipulagsmál i Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag er afmarkast af Vesturbakka, Skarfaskeri, Unubakka og Hraunbakka í Þorlákshöfn. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á fundi sínum 22. mars 2018 deiliskipulag samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur til byggingarreita innan reitsins sem skipulagður er sem móttöku- og flokkunarstöð á lóðunum Vesturbakka 6 og 8 og Unubakka 19.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið deiliskipulagið og málsmeðferðina og gerir ekki athugasemd við að bæjarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 30. maí 2018.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2018